

Réttlæti er það sem hver og einn á skilið

Vegna athugasemda læknanna Péturs Heimissonar og Eyjólfssonar í síðasta blaði* sem sagðar eru vera vegna umsagnar okkar um frumvarp um breytingar á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak er mikilvægt að fá birta umsögn okkar í heild til þess að hver og einn geti metið fyrir sig hversu viðeigandi athugasemdir þeirra félaga eru.

Efni: Athugasemdir/ábendingar varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.) Þingskjal 641, 499. mál.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu tengjast tilskipun sem er hluti af EES-samningnum og því erfitt að verjast þeim. Breytingin er ekki mikil, en verið er meðal annars að bæta skrotóbaki við munntóbak sem bannað er þegar í núgildandi lögum. Samt sem áður er nauðsynlegt að spyrja sig hvers vegna verið er að banna, vegna heilsufarsáhrifa, allt munntóbak sem er mun saklausara en reykttóbak sem er leyfð vara. Vel hreinsað efni eins og sænska snusið hefur mun lægri sjúkdómatíðni í för með sér en annað minna hreinsað munntóbak. Ennfremur er rétt að benda á að krabbamein sem eru gerð að umtalsefni í tengslum við tóbaksnotkun eru ekki nema hluti þeirra vandamála sem fylgja reykingum. Langvinnur lungnasjúkdómur (COPD) sem fylgifyskur reykinga er ekki fylgifyskur munntóbaks. Hjarta- og æðasjúkdómar eru það ekki heldur, að minnsta kosti þá í óverulegum mæli. Þó ekki sé verið að mæla með tóbaksnotkun yfirleitt eða níkótínifyskur verður ekki hægt að fullyrða annað en að ávinningur sé í því fyrir hvern og einn að nota alfarið munntóbak í stað reykinga. Niðurstaða okkar er því sú að ekki sé ávinningur af því að banna munntóbak meðan mun hættulegri og mjög svo aðgengileg vara er á markaðnum. Það hljóti að vera ávinningur í því að hafa á boðstólum minna hættulega vöru í samkeppni við reykttóbakið.

Samkvæmt Talnabrunni hjá Embætti landlæknis (sjá heimasíðu) reyktu 22% karla daglega á aldrinum 18-24 ára fyrri hluta árs 2012. Á sama tíma notuðu 15% munntóbak daglega í þessum sama aldursflokki á fyrri hluta ársins 2012. Hluti þeirra reykir einnig en hluti þeirra gerir það ekki. Spurningin er hvað þeir sem ekki reykja í þessum hópi geri ef munntóbak verður ekki lengur fáanlegt.

Viljum við benda á grein sem vekur athygli á að skaðsemi reyklauss tóbaks er hverfandi miðað við skaðsemi reykinga. Benowitz NL. Smokeless Tobacco as a Nicotine Delivery Device: Harm or Harm Reduction? Clin Pharmacol Ther 2011; 90: 491-3. (doi:10.1038/clpt.2011.191).

Mikilvægt er að hugleiða þetta vel áður en frumvarpið er samþykkt í óbreyttri mynd.

f.h.

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri
Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir

*Heimisson P, Þorkelsson E. Er reyklaust tóbak lyf að mati lækna? Læknablaðið 2013; 99: 101.